

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík



Reykjavík 2. maí 2019.

Efni: Umsögn um 784. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi).

Hinn 30. mars sl. lagði ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum. Frumvarpinu var vísað til atvinnuveganefndar að fyrstu umræðu lokinni hinn 10. apríl sl. Hinn 12. apríl sl. barst SAF – Samtökum ferðapjónustunnar tölvupóstur þar sem nefndin óskaði eftir umsögn um frumvarpið. Frestur til að skila umsögn var veittur til og með 2. maí 2019.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær meginbreytingar á lögum nr. 85/2007 sem einkum snúa að heimildum til álagningar stjórnvaldssekta. Annars vegar er lagt til að heimilt verði að leggja stjórnvaldssektir á leyfisskylda gististarfsemi sem er rekin án leyfis í stað þess að stjórnvaldssektaheimildin beinst einkum að þeim sem stunda heimagistingu umfram heimildir. Hins vegar er lagt til að ráðherra verði heimilt að ákveða með reglugerð að fela einu sýslumannsembætti að taka ákvarðanir um álagningu stjórnvaldssekta vegna leyfisskyldrar starfsemi. SAF hafa yfirfarið frumvarpið og telja ekki tilefni til að gera athugasemdir við ákvæði þess. Samtökin fagna þeirri viðleitni sem skín í gegn í frumvarpinu til þess að tryggja að þeir sem selja gistiþjónustu búi við jafna stöðu.

Samkvæmt ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 má fjöldi útleigðra daga í heimagistingu samanlagt ekki fara yfir 90 daga á hverju almanaksári. Með lögum nr. 67/2016 var bætt við heimildum til einfaldrar stjórnsýslumeðferðar heimagistingarstarfsemi en með því var brugðist við mikilli fjölgun óskráðra og leyfislausra gististaða sem líkur þóttu til að stæðu ekki skil á sköttum. Litið var svo á að einföldunin mundi ná til starfsemi sem væri í raun atvinnustarfsemi þar sem hún ætti sér stað í skamman tíma og væri aukabúgrein. Beinlínis var gert ráð fyrir því að lagabreytingin hefði það í för með sér að samkeppnisstaða gististaða mundi styrkjast. Frá gildistöku lagabreytingarinnar í upphafi ársins 2017 hafa orðið ýmsar breytingar á rekstrarumhverfi heimagistingar. Þannig þurfa rekstraraðilar í slíkri starfsemi ekki að afla sér starfsleyfis frá heilbrigðisnefnd auk þess sem tekjur af starfseminni eru fjármagnstekjur auk þess sem starfsemin er hvorki virðisaukaskatts- né gistináttaskattsskyld.

Í mörgum sveitarfélögum á landsbyggðinni háttar þannig til að umferðartími ferðamanna, og þar með bjargræðistími ferðaþjónustuaðila, er mjög stuttur. Á það einkum við utan höfuðborgarsvæðisins, Reykjaness og Suðurlands og tiltekinna svæða á Vesturlandi. Er staða rekstraraðila gistiþjónustu í mörgum landshlutum þannig að ferðamannatíminn varir aðeins frá júní–september. Á sumum svæðum er staðan enn svæsnari þar sem ferðamannatíminn er enn styttri, jafnvel aðeins einn til einn og hálfur mánuður á ári hverju. Þegar svo háttar til er það veruleg forsenda áframhaldandi rekstrar að nýting á gistirými sé góð á meðan ferðamannatíminn varir. Að sjálfsögðu er rekstur gististaða á þessum svæðum eru afar háð afkomunni á þessum tíma. Þar sem þessir staðir eru oft reknir í litlum sveitarfélög skiptir rekstur gististaða miklu máli ekki einungis fyrir þá sem við hann starfa en einnig þá sem veita gististaðnum þjónustu. Tilvist 90 daga heimildar heimagistingar, starfsemi sem býr við fáar stjórnsýslukvaðir og afar hagstætt skattaumhverfi, hefur mikil áhrif á rekstraraðila í almennri gistiþjónustustarfsemi. Hjá sumum rekstraraðilum háttar jafnvel svo til að þeir eiga í verulegum erfiðleikum með að standa í samkeppni við heimagistingu í sama sveitarfélagi. Undir slíkum kringumstæðum er það afar ankannalegt að heimagistingarstarfsemi hafi verið hugsuð sem aukabúgrein sem vart gæti talist atvinnurekstur í hefðbundnum skilningi.

Nú þegar dregur úr fjölgun ferðamanna eða stefnir í samdrátt í ferðaþjónustu ef litið er til síðustu ára aukast enn frekar líkur á að rekstrarforsendur almennrar gististarfsemi bresti víða á landsbyggðinni. Má því til stuðning benda á laka afkomustöðu á landsbyggðinni samkvæmt skýrslu KPMG um afkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu frá 17. október 2018. Að mati SAF er afar brýnt að brugðist verði við stöðunni með því að fækka leyfilegum útleigudögum heimagistingar.

Rétt er að benda á að ferðamálaráð lagði í ágúst 2017 til við ráðherra svo yrði búið um hnútana að sveitarfélög fengju svigrúm til að ákveða leyfilegan fjölda útleigudaga innan sinna marka. SAF gera sér grein fyrir því að framsetning slíkrar tillögu krefst nokkurs undirbúnings vegna skattalegra álitamála. Benda má þó á að fyrirmyndir að slíku fyrirkomulagi má sækja til Danmerkur, bæði hvað varðar ákvörðunarrétt sveitarfélaga yfir dagafjöldanum og skattalega þætti. Stjórnvöldum hefur tekist vel til við að koma böndum á óskráða heimagistingu og gistiþjónustu án starfsleyfis. Ef svo fer fram sem horfir mun framboð almenns gistirýmis aukast umtalsvert á næstu árum. Það kann því að vera að tímabært sé að taka til skoðunar hvort ekki sé tilefni til að fækka leyfilegum útleigudögum heimagistingar almennt og óhád því hvenær unnt getur orðið að fá sveitarfélögum rétt til að ákvarða dagafjöldann innan sinna marka.

Í ljósi framangreinds skora SAF á atvinnuveganefnd að leggja til fækkun leyfilegra útleigudaga heimagistingar. Telji nefndin slíka tillögu af einhverjum orsökum óvarlega á þessum tímamarki óska samtökin eftir því að nefndin sendi ráðherra þau skilaboð að æskilegt væri að hún legði slíkar breytingar til að komandi haustþingi. Að því sögðu leggja SAF til að frumvarpið verði samþykkt.

F.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur